

Nd.

706. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn leggur til, að frumv. verði samþykkt með lítills háttar breytingu, en minni hlutinn leggur til að frumv. sé fellt.

Sakir þess að ég tel, að flutningur þessa frumv. og tillaga meiri hl. allsherjarnefndar um að mæla með samþykkt þess sé á miklum misskilningi byggð, vil ég fara um málið nokkrum orðum.

Eitt af þeim ófrávikjanlegu skilyrðum fyrir veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, samkv. þessu frumv., ef að lögum verður, er, að sá, er veitingu embættisins hlýtur, hafi tekið lögfræðipróf. Svo mikil áherzla er lögð á þetta atriði af flutningsmönnum frumv. og meiri hl. allsherjarnefndar, að ekki má biða eftir því, að embættið losni, heldur á nú hið bráðasta að vikja lögreglustjóranum úr embætti til þess eins, að því er bezt verður séð, að koma lögfræðingi í embættið. Ekki verður af frumv. ráðið, að til þess hafi verið ætlað af flutningsmönnum þess, að lögreglustjóranum yrði boðið nokkurt starf, þótt hann verði sviptur embætti, gersamlega fyrir tylliástæður einar, eins og síðar mun sýnt verða. Það hefur vafalaust ekki þótt taka því, þar sem svo mjög skorti á tign mannsins í þessu embætti, þar sem hann hefur ekki próf í lögum.

Meiri hluta nefndarinnar hefur þó þótt betur hlýða að sýna lit á því, að lögreglustjóranum yrði gefinn kostur á einhverju starfi um leið og hann léti af embætti, en ekki ætti að vera miklum vandkvæðum bundið fyrir veitingarvaldið að uppfylla það skilyrði, því að ekkert er tekið fram um það, hvert starfið er, aðeins má hann einiskis í missa hvað launakjör snertir. Taki hann ekki því starfi, er veitingarvaldið býður honum, er það laust allra mála. Það getur ráðstafað embættinu hvernig sem það vill og hvenær sem er þeirra hluta vegna.

Manni verður nú á að spyrja. Hver er ástæðan til þessarar lagabreytingar? Engin önnur skýring er gefin á þessu af hálfu flutningsm. en að það sé óhjákvæmilegt, að lögreglustjórnin í Reykjavík sé lögfræðingur, — að í öllum öðrum kaupstöðum landsins séu lögreglustjórnir lögfræðingar.

Lögreglustjórastaðan í Reykjavík er gersamlega ósambærileg við löggæzlu og lögreglustjórn í öðrum héruðum landsins. Það er óhjákvæmilegt, að þau störf hafi með höndum löglærðir menn. Auk lögreglustarfans hafa þeir með höndum rannsókn mála og eiga að annast dómarastörf. Um starf lögreglustjórans í Reykjavík er ekki slíku til að dreifa.

Með lögum nr. 67 31. des. 1939 var lögreglustjóraembættinu í Reykjavík skipt í tvö embætti. Við skiptinguna voru að kalla öll þau störf tekin frá lögreglustjóra-

embættinu, sem lögfræðilegrar þekkingar þarf til að inna af höndum. Þáverandi ríkisstjórn mun hafa verið sammála um að velja í embættið mann með liðsforingjamenntun, en ekki lögfræðing. Núverandi lögreglustjóra verður ekki borið það á brýn, að hann hafi sótt eftir embættinu, því að tvicegis var búið að bjóða honum það, áður en hann tók við því. Þá var og Péttri Sigurðssyni liðsforingja boðið starfið, en hann mun hafa færzt undan að takast það á hendur.

Þetta sýnir, að ríkisstjórnin hefur lagt á það megináherzlu að fá mann í embættið með þá menntun, sem hún áleit mestu máli skipta fyrir yfirmann lögreglunnar í Reykjavík. Má og af þessu sjá, að ríkisstjórnin hefur í vali til starfsins ekki bundið sig við neinn sérstakan mann, heldur fyrst og fremst um það hugsað, að sá, er embættið hlyti, væri líklegur til að uppfylla þau þýðingarmestu skilyrði, er til þess þyrftu, að starfið yrði vel af hendi leyst.

Ekkert hefur komið fram um það, að ríkisstjórnin hafi ekki verið sammála um þessa embættisveitingu.

Í lögregluliði Reykjavíkur eru um 100 einkennisklæddir lögreglumenn. Höfuðverkefni lögreglustjórans eru meðal annars þessi:

1. Almenn stjórn lögregluliðsins, þar með talinn nauðsynlegur agi innan lögreglunnar. Umsjón með því, að lögregluþjónarnir ræki störf sín með samvirkusemi og skyldurækni. Að vekja áhuga hjá lögreglunni fyrir starfinu og manna hana í háttþrýði og framkomu allri, svo að hún geti orðið fyrirmyndarlögregla og verið bæjarbúum fyrirmynd í látbragði og góðum síðum.
2. Að sjá um útbúnað lögreglunnar. Tæki lögreglunnar eru margvísleg. Sum þeirra eru hættuleg í höndum manna, er ekki kunna með þau að fara. Það þarf að annast viðhald þeirra og val, að þau séu við hæfi lögreglustarfsins. Það skiptir miklu máli, að lögreglustjórinn beri sem bezt skyn á allt það, er að útbúnaði lögreglunnar lýtur.
3. Að þjálfra lögregluliðið sem rækilegast í andlegri og líkamlegri mennt og kenna því, hvernig það á að beita sér í starfi sínu. Lögreglunni er á ýmsan hátt vandfarið við skyldustörfin, og er því afar þýðingarmikið, að hún kunni sem gleggst skil á þeim viðfangsefnum, er hún þarf að inna af höndum.

Ég held, að það verði ekki dregið í efa, að brýna nauðsyn beri til, að lögreglustjórinn hafi sem allra bezta menntun til þess að geta rækt vel þessi störf. Það mun tæpast nokkur maður, sem skyn ber á þessi mál, efast um það. Maður, sem hefur liðsforingjamenntun, hefur margfalt betri skilyrði til þess að veita lögregluliði forstöðu heldur en lögfræðingur, ef hann vantar sérmenntun þá, er liðsforingjar hafa.

Það verður að vera ófrávikjanlegt skilyrði, að yfirmaður lögreglunnar í Reykjavík (lögreglustjórinn) sé svo vel menntaður, að hann geti séð um þjálfun lögreglunnar og að öllu leyti séð um kennslu hennar. Hann þarf að geta sagt fyrir verkum um allt það, er máli skiptir og að starfi lögregluliðsins lýtur. Það er því gersamlega ósambærilegt, hvað maður með liðsforingjamenntun hefur betri skilyrði til þess að veita lögregluliði forstöðu heldur en lögfræðingur. Og það er satt að segja einkennilegt, að frumv. um þetta efni skuli nú koma fram á Alþingi.

Ef litið er til þeirrar reynslu, sem við höfum í þessu efni, þá hygg ég, að hún ætti ekki að ýta undir, að frumv. þetta næði fram að ganga. Hér gerðist eitt sinn atburður í Reykjavík fyrir allmörgum árum. Útlit var fyrir, að lögregla bæjarins þyrfti meira að láta til sín taka heldur en venjulega, til þess að halda uppi reglu og að fyrirskipun yfirvalda væri hlýtt. Það þurfti að hafa nokkuð meiri og viðtækari stjórn á lögregluliðinu en við venjuleg skyldustörf þess. Þá var vel metinn lögfræðingur lögreglustjóri. Við þetta tækifæri fór öll stjórn á lögreglunni í handaskolum.

Maður með liðsforingjamenntun var þá fenginn til að framkvæma skipun yfirvalda, og er ekki annars getið en að það hafi farið vel úr hendi. Lögreglustjórinn (lögfræðingurinn) kom þar hvergi nærri.

Annað hliðstætt dæmi má og minna á. Fyrir nokkru þótti ófriðlega horfa í einum kaupstað landsins. Þótti ósýnt, til hvers draga kynni í viðskiptum manna á milli. Búið var við, að komið gæti til þess, að halda þyrfti uppi reglu í bænum með lögregluliði. Komið mun hafa til orða af hálfu stjórnarvaldanna að biðja mann með liðsforingjamenntun um að sjá um stjórn lögregluliðsins, ef óumflýjanlegt yrði að auka lögreglu í kaupstaðnum.

Yfirvöldunum mun heldur ekki við þetta tækifæri hafa þótt sérstaklega fýsilegt að fela lögfræðingi starfið. Sem betur fór leystist þetta deilumál með friðsamlegum hætti, og lögreglan þurfti engin afskipti að hafa af fólkinu í bænum.

Fleiri dæmi mætti nefna, en ég læt hér staðar numið.

Mér finnst, að þetta gefi ótvírætt til kynna, að það þarf annað og meira til þess að vera lögreglustjóri, sérstaklega í Reykjavík, heldur en aðeins að hafa tekið próf í lögum. Að öðru jöfnu má vafalaust telja, að maður með lögfræðilega menntun eigi fremur að fá lögreglustjóraembættið í Reykjavík heldur en ólögglærður maður. En allt öðrum skilyrðum þarf sá embættismaður þó fyrst og fremst að fullnægja til þess, að forsvaranlegt geti talizt að veita honum þetta embætti.

Af því, sem nú hefur verið dregið á hér að framan, má sjá, að hvenær sem horfur hafa verið á því, að verulega kynni að reyna á um stjórn lögreglu og framkvæmd á erfiðum viðfangsefnum, hafa stjórnarvöld landsins leitað til manna með allt aðra menntun en lögfræðinám veitir, til þess að takast vandann á hendur, og hinum lögfræðilega menntuðu mönnum verið vikið til hliðar. Þetta munu flestar, ef ekki allar hinar ýmsu rákisstjórnir hafa gert, er verið hafa nú um nokkurt skeið.

Þó að laganemendur hafi lokið embættisprófi í lögum við háskólann, eru þeir ekki strax að námi loknu frjálsir að því að flytja mál fyrir rétti, fyrr en þeir hafa uppfyllt ýmiss konar skilyrði, er lög heimta. Meðal annars verða þeir að flytja nokkur prófmál fyrir rétti til þess að sanna hæfni sína til starfans. Á þetta bæði við um flutning mála fyrir undirrétti og hæstarétti.

Þessi störf eru það þó einmitt, sem þeir eru að læra um í háskólanum og taka embættispróf í. Og þó að þeir standist prófið, þá er talið nauðsynlegt að prófa þá sérstaklega í því, hvort þeir geti, svo viðunandi sé, flutt mál fyrir rétti. En fyrst nú svona er um þessi atriði, er þá nokkuð ósennilegt, að lögfræðingur sé ekki endilega sjálfkjörinn til allt annarra vandasamra starfa, aðeins af því hann er lögfræðingur, þó að lögfræðimenntun hans veiti honum ef til vill lítinn eða engan minnsta stuðning í starfinu? Það er auðvitað barnaskapur að ætla slíkt. Eða hvernig halda menn á undanfórnum árum, frá því að stríðið hófst, að lögfræðingur hefði staðið að vigi með að gefa fyrirskipanir um, hvernig haga skyldi loftvarnarmálum í Reykjavík? Hann hefði auðvitað verið gersamlega ráðvilltur í því, hvað gera skyldi, og er það sízt tiltökumál.

Vera má, að sumir telji, að slíkt sé aukaatriði í þessu starfi og að ekki beri á það að líta. En er það nokkuð óráðlegt, að lögreglustjóri höfuðstaðarins hafi sem allra viðtækasta þekking á hinum ýmsu vandasömu viðfangsefnum, er komið geta fyrir í starfi hans og undir embætti hans heyra? Ég held, að það fari bezt á því að gera enga breyting á þessu frá því, sem nú er. Og ef það ætti að gera, þyrftu ástæðurnar fyrir því að vera á allt öðrum rökum reistar en þetta frumv. Lögreglustjóri hefur fulltrúa í skrifstofu sinni með lögfræðilegri menntun. Sá maður hefur um langa stund unnið að þessum málum og getið sér hins bezta orðs. Það er því vissulega vel séð fyrir þessum þætti lögreglustarfsins í Reykjavík.

Mér er ekki kunnugt um annað en að núverandi lögreglustjóri hafi rækt starf sitt með þryði. Hann fær, eftir því sem ég bezt veit, hið bezta orð. Erlingur Pálsson yfirlöggluþjónn, sem um langt árabíl hefur starfað í lögreglunni undir stjórn margra lögreglustjóra, hefur tjáð mér, að framkoma núverandi lögreglustjóra hafi verið góð og að starfið hafi farið honum ágætlega úr hendi. Hann er strangur reglumaður, röskur og viljafastur.

Hann var að vísu tekinn ungur í embættið, en á því á hann enga sök. Það var

eftir honum gengið til að fá hann til að taka það að sér. Nú hefur hann öðlazzt mikilvæga reynslu í þessu starfi. Það væri fávíslegt að svipta nú þennan mann embætti, aðeins til þess að koma lögfræðingi í það.

Lögfræðingar hafa menntun til annars fremur en lögreglustjórastarfsins í Reykjavík, eins og því starfi er nú háttað og verður framvegis. Ekki má skilja orð mín svo, að ég vilji gera lítið úr menntun lögfræðinga. Það er síður en svo. En hún er á allt öðru sviði en þetta starf útheimtir. Vera kann, að einhverjir lögfræðingar gætu hugsað sér að taka þetta embætti að sér, ef það stæði þeim til boða. En líklegt er, að það skipti litlu máli fyrir Alþingi.

Alþingi hafði með skiptingu lögreglustjóraembættisins 1939 lagt grundvöllinn að því, hvernig störfum embættisins er nú háttað. Það má hiklaust fullyrða, að þetta hafi gefizt vel.

Þá má og minna á það, að síðan landið var hernumið, hefur vandinn í þessu starfi stórlega aukizt. Fullyrða má, að yfirleitt hafi samstarfið og sambúðin við hina erlendu gesti tekizt ágætlega hjá íslenzku lögreglunni. Ef nú ætti að skipta um mann í lögreglustjóraembættinu, taka í það ókunnugan mann öllum þessum vandasömu störfum, gæti vel svo farið, að það leiddi aðeins til óhappa, en til einskis gagns mundi það verða. Ég tel rétt, að Alþingi snúi sér fremur að öðrum nauðsynlegri viðfangsefnum, sem yrðu landinu og þjóðinni gagnlegri en þetta mál, og að það fái nú sem skjótast hægt og rólegt andlát.

Alþingi, 9. apríl 1943.

Jörundur Brynjólfsson.